# AUGLÝSING

**um deiliskipulag Skálatúns, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 11. apríl 2007 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir lóð Skálatúns. Tillagan felur í sér nýja afmörkun lóðarinnar sem minnkar úr 8,7 ha í 6 ha. Norðvesturhorn hennar er skilgreint sem svæði til síðari nota, en á öðrum hlutum skipulagssvæðisins er gerð grein fyrir aðkomuleiðum, göngustígum, bílastæðum og byggingarreitum fyrir sambýli, íbúðarhús, dvalar-/endurhæfingarstofnun og stofnanatengt atvinnuhúsnæði, alls allt að 14.500 $m^2$ nýbygginga.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 19. febrúar 2008,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2008